



Haust 2025

Ágætu félagar.

Skólastarfið er hafið og vonandi hafið þið notið sumarsins. Við erum að sjálfsögðu full tilhlökkunar að kenna nemendum okkar um **Uppbyggingu sjálfaga – uppeldi til ábyrgðar**. Mikilvægt er að starfsfólk skólanna nýti aðferðir uppbyggingar til að leiðbeina nemendum um allt sem uppbyggingin getur hjálpað okkur með í samskiptum. Förun vel yfir þætti uppbyggingar eins og öryggi, tilfinningar, hafa stjórn á gjörðum og orðum og hvernig hver einasti einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til að gera samfélag okkar kærleiksríkara og okkur að góðum manneskjum.

Í vor, sumar og haust fóru fram námskeið á ýmsum stöðum á landinu auk hvatningafunda og kynningafunda í hinum ýmsu skólum. Árlega sækja um 1500 starfsmenn leik- og grunnskóla fræðslu á vegum félagsins. Stýrihópar og leiðtogar innan skólanna hafa verið að endurskoða áætlanir og setja upp skipulag fyrir veturinn auk þess að vera með upprifjun með sínu fólki. Þess má geta að í ár hafa verið námskeið á Vestfjörðum, Norðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu.

Vorið 2026 býður félagið upp á þrjú námskeið í Brighton og er að verða uppselt á þau. Ef einhver hefur áhuga á að bætast í hópinn þá endilega sendið póst til Guðbjargar formanns félagsins. Auglýsingin er á heimasíðunni. Kennarar verða Joel Shimoji sem fjallar um Uppbyggingu í kennslustofunni – vinna með eldri nemendum, Elín Yngvadóttir og Fanney D. Halldórsdóttir sem verða með Uppbyggingu I (á íslensku) og Heather Campbell sem fjallar um Uppbyggingu í kennslustofunni – vinna með yngri nemendum.

Gott væri fyrir okkur í stjórninni ef við hefðum netföng uppbyggingateymanna ykkar í skólunum. Þannig getum við búið okkur til póstlista og sent upplýsingar beint til þessara aðila. Vinsamlegast sendið okkur þannig lista á netfang Guðbjargar formanns gudbjorgmsv@gmail.com.

Á síðasta stjórnarfundinum var rætt um möguleika þess að kaupa af skólum efni/verkefni sem þið eruð að nota til kennslu í uppbyggingu í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Við erum að undirbúa hvernig við getum gert þetta en erum að hugsa um verkefni/efni sem fer á lokaða síðu og styrktarskólar hafa síðan aðgang fyrir sitt fólk. Námar um það síðar þegar við höfum undirbúið það betur. Ef þið hafið góðar hugmyndir varðandi slíka þjónustu þá endilega komið þeim til okkar. Við vinnum þetta saman svo allir njóti góðs af.

Stjórn félagsins hlakkar til að eiga með ykkur uppbyggjandi vetur og biður ykkur endilega að hafa samband ef við getum eitthvað aðstoðað ykkur.

Með kveðju, f.h. stjórnar
Guðbjörg M. Sveinsdóttir
gudbjorgmsv@gmail.com

formaður Félags um Uppbyggingu sjálfaga